

25. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps haldinn í fundarsal bæjarstjórnar að Aðalstræti 63, Patreksfirði, þriðjudaginn 24. maí 2011 og hófst hann kl. 18.

Fundinn sátu:

Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) formaður, Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Birna Benediktsdóttir (BB), Ingimundur Óðinn Sverrisson (IÓS), Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS), Ásthildur Sturludóttir (ÁS).

Fundargerð ritaði: Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar

Dagskrá:

1. 1105067 - Minjasafn Egils Ólafssonar, Ársreikningur 2010

Lögð fram drög að ársreikningi MEÓ.

Stjórn MEÓ falið að leggja fyrir samráðsnefnd endurskoðaðan ársreikning af löggiltum endurskoðanda fyrir lok júní, 2011.

Ennfremur voru lagðar fram fundargerðir 83. og 84 fundar stjórnar MEÓ.

Bæjarstjóra Vesturbyggðar og sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps falið að ræða við stjórn MEÓ um kostnaðaráætlun vegna vatnsborholu.

Samráðsnefnd óskar eftir fundi með stjórn MEÓ fyrir lok júní á Hnjóti.

2. 1105068 - Styrktarsjóður heilbrigðisstofnana V-Barð. Ársreikningur 2010.

Lagður fram ársreikningur Styrktarsjóðs Heilbrigðisstofnana V-Barðarstrandarsýslu.

Samráðsnefnd óskar eftir undirrituðum ársreikningi frá endurskoðanda til samþykktar.

Samráðsnefnd óskar ennfremur eftir upplýsingum um hvenær íbúðin að Aðalstræti 90 fór í útleigu og hverjar áætlaðar leigutekjur sjóðsins eru.

3. 1105069 - Staða sormála 24. maí 2011

Bæjarstjóri og sveitarstjóri fóru yfir stöðu sormála.

Kynningarfundir Gámabjónustu Vestfjarða verða 25. og 26. maí á Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafirði.


4. 1105070 - Önnur sameiginleg mál, sameining nefnda.

Lögð fram tillaga Vesturbyggðar um sameiningu atvinnumálanefnda

Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Samráðsnefnd samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti og vísar henni áfram til meðferðar í sveitarstjórnunum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:06.





Andriður Samdal

Forseti

Þórunn

Andriður Samdal

23. fundur
Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn fundarsal í Skor,
þriðjudaginn 25. janúar 2011 og hófst hann kl. 17:00

Fundinn sátu:

Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) formaður í fjarfundi, Ingimundur Óðinn Sverrisson (ÍÓS) stýrði fundi, Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Birna Benediktsdóttir (BB), Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS) og Ásthildur Sturludóttir. Auk þess sátu fundinn Magnús Ólafs Hansson, Egill Ólafsson og Björgvin Sigurjónsson og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbyggðar

Dagskrá:

1. 1101042 - Málefni MEÓ

Stjórn MEÓ kom inn á fundinn.

Formaður stjórnar, Magnús Ólafs Hansson fór yfir stöðu MEÓ. Í fundargögnum fylgdu bréf þar sem óskað er eftir yfirdrætti á reikningi safnsins, erindi frá stjórn MEÓ til eigenda safnsins.

Óskað er eftir uppfærðri fjárhagsáætlun frá stjórn MEÓ og að sett verði fram áætlun um greiðslufærði. Samráðsnefnd samþykkir að tekinn verði 200 þúsund króna yfirdráttur fyrir safnið.

Lagt var fram bréf frá lögmanni Kristins Þórs Egilssonar vegna kröfu stjórnar MEÓ um afhendingu muna sem staðsettir eru að Hnjóti, Örlygshöfn, Vesturbyggð. Munir sem eru á forræði safnsins eru læstir inni í geymslum Kristins Þórs Egilssonar. Stjórn MEÓ óskar eftir því að farið verði í innsetningu á munum safnsins ef ekki verður safnið óstarfhæft að þeirra mati.

ÁS og EIS falið að kanna með kostnað við innsetningaraðgerðina; Lögmannskostnað, flutningskostnaður og geymslukostnaður.

2. 1101044 - Samningur um sorphirðu í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi

Lögð fram samningsdrög og tillögur að sorphirðukerfi fyrir Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp.

Samráðsnefnd leggur til að samningur við Gámapjónustu Vestfjarða verði framlengdur með fyrirliggjandi tillögum að breytingum og sú vinna kláruð 3. febrúar n.k.

3. 1101043 - Forstöðumaður Tæknideildar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Bæjarstjóri Vesturbyggðar fór yfir stöðu málsins og umsóknir um stöðuna sem bærust.

Samráðsnefnd hafnar öllum umsóknum um stöðuna.

Bæjarstjóra og oddvita falið að vinna áfram að málinu.

4. **1101045 - Sameiginleg verkefni Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps**
Þjónustusamningur milli Vesturbyggðar og Byggðasamlags Vestfjarða um
málefni fatlaðs fólks lagður fram. Samráðsnefnd hefur engar athugasemdir
við fyrirbyggjandi samning. Samninginn þarf að staðfesta af viðkomandi
sveitarstjórnnum.

Stöðugildi ráðgjafa-og stjórnunar fyrir Vesturbyggð og Tálknafjarðarhrepp:
0,16.

Fleiri sameiginleg mál voru rædd.

Fundarstjóri fagnaði því að Friðbjörg væri í fjarfundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____